

skipaðs verjanda kærðs, Sveinbjarnar Jónssonar, hæstaréttarmálaflutningsmanns, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 80.00.

Mál þetta hefir dregizt all-lengi, en frá því verjandi kærðs skilaði vörn sinni hefir enginn óþarfur dráttur orðið á málinu hjá núverandi dómara.

---

Mánudaginn 16. dez. 1935.

Nr. 117/1935. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)

gegn

**Haraldi Albertssyni og Garðari Hansen** (Einar B. Guðmundsson).

Áfengislaga- og bifreiðalagabrot.

*Dómur lögregluréttar Skagafjarðarsýslu 16. apríl 1935:* Kærði, Haraldur Albertsson greiði 200 króna sekt í ríkissjóð og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar sé hún ekki greidd innan 6 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal hann og sviftur rétti til að stjórna bifreið í 8 mánuði frá 17. marz að telja.

Kærði, Garðar Hansen, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar sé hún ekki greidd innan 6 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kostnað af gæzluvarðhaldsvist sinni greiði Haraldur Albertsson, en báðir hinir kærðu greiði in solidum allan annan löglega leiddan og leiðandi kostnað af máli þessu.

Framangreint bruggunartæki skal upptækt gert og eyðilagt.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Samkvæmt lýsingu þeirri á málsatvikum, sem í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi segir, hefir kærður Haraldur Albertsson gerzt brotlegur við

eftirtöld ákvæði laga nr. 70 frá 1931 um notkun bifreiða: 3. gr. 3. tölulið a-lið, 3. og 4. málsgrein 5. gr., 7., 8. og 9. gr. 2. málsgrein, og ennfremur hefir hann gerzt brotlegur við 21. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935. Þykir refsing kærða samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna hæfilega ákveðin 400.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með einföldu fangelsi í 25 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Það þykir mega staðfesta héraðsdóminn, að því er varðar svipting ökuskirteinis kærða.

Brot kærða Garðars Hansen varðar við 6. og 21. gr. 3. málsgrein áfengislaga nr. 33 frá 1935 og ákveðst refsing hans samkvæmt 30. og 39. gr. nefndra laga 500.00 króna sekt til menningarsjóðs, sem afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku bruggunartækis kærða skal hinum áfrýjaða dómi óraskað.

Kærður Haraldur Albertsson greiði kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt og kærður Garðar Hansen greiði talsmanni sínum í héraði, Þorvaldi Guðmundssyni, málsvarnarlaun, sem ákveðast kr. 20.00. Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti greiði hinir kærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, krónur 60.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Haraldur Albertsson greiði 400.00 króna sekt í ríkissjóð, sem afplánist með einföldu fangelsi í 25 daga, ef hún greiðist ekki

innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði Garðar Hansen greiði 500 króna sekt í menningarsjóð, sem afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um sviptingu ökuskirteinis kærðs Haralds Albertssonar og upptöku bruggunartækis kærða Garðars Hansen skal hinum áfrýjaða dómi óraskað. Kostnað við gæzluvarðhald sitt greiði kærði Haraldur Albertsson og kærði Garðar Hansen greiði talsmanni sínum í héraði, Þorvaldi Guðmundssyni, 20.00 krónur í málsvarnarlaun. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti greiði hinir kærðu in solidum, þar með talin málflytningulaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflytningsmanns Theódórs B. Lindal og Einars B. Guðmundssonar, krónur 60.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Haraldí Albertssyni bifreiðastjóra, til heimilis í Syðra-Vallholti í Seyluhreppi, og Garðari Hansen verkamanni, til heimilis á Sauða í Sauðárkrókshreppi, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaga nr. 33/1935 og laga nr 70/1931, um notkun bifreiða, og eru málavextir þeir, sem hér segir:

Laugardaginn 16. marz síðastliðinn kl. rúmlega 9 að kvöldi, voru þeir Pétur Hannesson sparisjóðsformaður á Sauðárkróki og Rögnvaldur Jónsson verkstjóri, einnig til

heimilis hér í kaптúninu, á gangi suður eftir aðalgötu kaптúnsins. Gengu þeir samhliða á austurkanti götunnar. Er þeir voru komnir hér um bil suður um mitt kaптúnið var vöruflutningsbifreiðinni S. K. 18 eign kærða Haralds Albertssonar, ekið á eftir þeim og beint fram á þá, án þess að þeir yrðu þess varir að ljós væri á bifreiðinni, eða gefið væri hljóðmerki áður en árekstur varð. Lenti Pétur fyrir miðri bifreiðinni, þannig að svonefndur „stuðari“ kom aftan á báða kálfa hans og féll hann við höggið aftur að vatnskassa bifreiðarinnar og lenti þannig ofan á „stuðaranum“. Bifreiðin hélt áfram leiðar sinnar en Pétur gat haldið sér föstum framan við vatnskassann sitjandi á „stuðaranum“. Tókst honum að halda fótunum á lofti og gat þannig varist því að verða undir bifreiðinni. Er það upplýst með framburði sjónarvotta og með mælingu á götunni að bifreiðinni var ekið með Pétri þannig framan við vatnsgeymirinn um rúmlega 100 metra vegalengd en þá var hægt á gangi hennar og hún stöðvuð örlitla stund, svo Pétri tókst að losna við hana og forða sér. En jafnskjótt og hann varð laus við hana var henni ekið áfram suður á þjóðveginn án þess að bifreiðarstjórinn gerði vart við sig eða grenslaðist um hvort tjón hefði hlotist af akstri hans. — Rögnvaldur Jónsson varð fyrir bifreiðinni hægra megin því hann gekk hægra megin við Pétur, og var því innar á götukantinum. Lenti bifreiðin þannig á honum að hann fékk högg á vinstra fótinn og féll við það flatur á götuna, aftur með hægri hlið bifreiðarinnar. Gat hann með fallinu stjakað sér svo frá bifreiðinni, að hann komst hjá að verða undir hægra afturhjóli hennar. Lá hann eftir á götunni er bifreiðinni var ekið fram hjá. Vazt vinstri fótur hans um öklann, svo hann varð haltur fyrst á eftir, en að öðru leyti varð honum ekki meint við þetta. Pétur Hannesson marðist allmikið aftan á báðum kálfunum svo hann átti mjög bágt með gang nokkurn tíma á eftir. Hafa þeir Pétur og Rögnvaldur hvorugur krafizt bóta fyrir meiðslin. — Bjart var á götunni er þetta vildi til, bæði af götuljósinu og tunglsljósi, svo að menn þekktust á götunni á löngu færi.

Báðir hinir kærðu voru yfirheyrðir í lögregluréttinum daginn eftir að þetta varð þ. e. sunnudaginn 17. marz, ját-aði Haraldur Albertsson þá, að hafa ekið sjálfur framan-

greindri bifreið sinni á þá Pétur og Rögnvald, án þess að hafa gefið áður nokkurt hljóðmerki eða stöðvað bifreiðina fyrr en hann hafði ekið með Pétri eins og áður er sagt um rúmlega 100 metra vegalengd. Hélt hann því fram að hann hefði ekki séð mennina á veginum og ekki heldur orðið Péturs var framan á bifreiðinni fyrr en hann stöðvaði hana suður á götunni. Var framburður kærða Garðars Hansen á líka lund, að hann neitaði að hafa séð mennina áður en á þá var ekið og sat hann þó við hlið bifreiðarstjórans. Báðir neituðu þeir að hafa neytt áfengis. Lauk réttarhaldinu með því að Haraldur var settur í gæzluvarðhald og sat hann í því fram á næsta þriðjudagskveld. Gerði hann þá grein fyrir því hvernig stóð á framangreindu framferði hans og játaði að orsök þess hefði verið ölvun þeirra Garðars og hans. Var þá samtundis gerð húsleit eftir áfengi hjá kærða Garðari Hansen, en árangurslaust. En þá játaði hann brot sín í máli þessu. En samkvæmt eigin játningu hinna kærðu, er koma heim við aðrar upplýsingar í málinu er brotum hinna kærðu varið eins og hér segir:

Framangreint laugardagskveld þ. 16. marz hittust kærðu hér í kauptúninu. Flutti Haraldur þá dálítið af varningi heim til Garðars að Sauða á bifreið sinni. Var Garðar honum aftur samferða í bifreiðinni út í kauptúnið. Hafði Garðar þá meðferðis  $1\frac{1}{2}$  pela af heimabrugguðu áfengi eða svonefndum „landa“. Bauð hann Haraldi að drekka með sér úr flöskunni. Drukku báðir hinir kærðu áfengi þetta á stuttum tíma. Var það mjög sterkt og sveif fljótt á þá. Voru þeir orðnir mjög drukkendir er Haraldur ók bifreiðinni suður eftir aðalgötu kauptúnsins kl. rúmlega 9 um kvöldið, og tókst þá svo til eins og lýst hefir verið hér að framan. Heldur Haraldur fast við þann framburð sinn að hann hafi ekki séð mennina er hann ók á, og hann hafi heldur ekki orðið var við Pétur Hannesson fyr en hann stöðvaði bifreiðina sunnar á götunni. Kennir hann ölvuninni um þetta og einnig hitt að hann skeytti ekki um að grennslast eftir því hvort Pétur Hannesson væri meiddur, er hann sá hann losna við bifreiðina. Það er einnig upplýst að kærður ók á framangreinda menn þar sem þeir gengu utast á austara kanti götunnar, enda þótt nægilegt rúm væri fyrir hann að vikja bifreiðinni til hægri hand-

ar inn á götuna og komast þannig fram hjá þeim. Gerði hann þetta án þess að gefa hljóðmerki. Og samkvæmt framburði beggja vitna var bifreiðin ljósalaus er þetta varð. Hefir kærður Haraldur haldið því fram að dauft ljós hafi verið á bifreiðinni er hann fór af stað suður götuna en líklega hafi hann óvart komið við tappa á bifreiðinni og ljósið slokkað fyrir þá sök, án þess að hann yrði þess var, vegna þess hve hjart var á götunni. Eitt vitni, er sá bifreiðina, er henni var ekið suður frá slysstaðnum, hefir þó borið að það muni ekki betur en mjög dauft ljós hafi verið á öðru framljóskefi bifreiðarinnar. Að öðru leyti reyndist bifreiðin að vera í sæmilegu lagi, er gerð var á henni skoðun, undir eins á eftir að þetta bar við. Öllum, sem um það hafa borið, ber saman um að bifreiðinni var ekið hægt er slysið varð. Kærðum Haraldi Albertssyni hefir verið bannað að aka bifreið síðan framangreint slys henti hann.

Kærði Garðar Hansen hefir játað að hafa sjálfur bruggað áfengi það, er hann gaf meðkærðum Haraldi Albertssyni og drakk sjálfur með honum, svo sem frá er greint. Rúmri viku áður en þetta varð, lagði hann í hálf tunnu með 20—30 pottum af vatni nokkuð af pressugeri og stráskyri, er hann hafði fyrir löngu keypt. Segist hann hafa fryst gerðarlöginn og hafa verið á þennan hátt búinn að fá ca. 3ja pela fölsku af sterku áfengi. Helming áfengis þessa drakk hann, eins og frá er greint, ásamt meðkærðum en þeim helmingnum, sem var eftir, segist hann hafa helt niður á sunnudagsmorguninn 17. marz, af ótta við húsrannsókn. Ekki hefir sannast á hann að hann hafi selt nokkuð áfengi eða gerst frekar brotlegur við áfengislögin en nú er talið. Tunnan sem hann notaði við bruggunina fannst í gömlum brunni að tilvísun hans og er nú í vörzlum lögreglunnar.

Kærður, Haraldur Albertsson, hefir með framangreindu framferði sínu stofnað vegfarendum í mjög alvarlegan háska. Virðist það hending ein að ekki hlaut stórkostlegt slys af ölvun hans og akstri. Hefir hann samkvæmt framangreindu, að réttarins áliti, gerzt brotlegur gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 3. tölulið a-lið 3. gr. og ákvæðum 5., 7., 8. og 9. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 70/1931 um notkun bifreiða. Og með tilliti til þess, að kærður hefir ekki áður sætt kærðu eða dómi fyrir nokkurt

lagabrot, en þótt gætin og reglusamur bifreiðarstjóri allt til þessa, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, sé hún eigi greidd innan 6 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal og sviftur leyfi til að stjórna bifreið í 8 mánuði frá 17. marz 1935 að telja.

Kærði, Garðar Hansen, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki áður sætt kæru eða dómi fyrir nokkurt lagabrot, hefir með framangreindu framferði sínu, að réttarins áliti gerzt brotlegur gegn 6. gr., sbr. 30. gr. og 3. mgr. 21. gr., sbr. 39. gr. framangreindra áfengislaga, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 25 daga einföldu fangelsi sé hún ekki greidd innan 6 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt 7. grein greindra áfengislaga skal framangreint bruggunartæki upptækt og eyðilag.

Kærði, Haraldur Albertsson, greiði kostnað af gæzluvarðhaldsvist sinni, en báðir hinir kærðu greiði in solidum allan annan löglega leiddan og leiðandi kostnað af máli þessu.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

---

Miðvikudaginn 18. dez. 1935.

**Nr. 79/1935. Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar  
f. h. bæjarsjóðs**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**H/f Kveldúlfi (Jón Ásbjörnsson).**

Útsvarsmál.

*Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 24. apríl 1935: Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga.*

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður verði úr gildi felldur og að lag